



AÐALFUNDUR ÍSFÉLAGS HF. – 16. APRÍL 2026
TILLÖGUR STJÓRNAR

DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillaga um starfskjarastefnu
4. Kosning fimm stjórnarmanna
5. Kosning endurskoðenda félagsins
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
7. Tilnefning tveggja utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
8. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum
9. Tillaga um hækkun hlutafjár
10. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega



TILLAGA UM GREIÐSLU ARÐS

- Aðalfundur Ísfélags hf. haldinn í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 16. apríl 2026 samþykkir að greiddar verði 2,57 krónur á hlut í arð til hluthafa vegna ársins 2025, eða um 2.102 milljónir króna, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um meðferð hagnaðar. Arðgreiðslan sem hlutfall af hagnaði ársins 2025 er 76% . Tillagan er í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins sem kveður á um að greiða að lágmarki 30% af hagnaði næstliðins árs í arð til hluthafa.
- Samþykki aðalfundur tillöguna skulu arðsréttindi miða við hluthafaskrá félagsins í lok dags 16. apríl 2026, þ.e. viðskipti sem gerð eru í síðasta lagi 14. apríl 2026. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna rekstrarársins 2025 verður því 15. apríl 2026, eða næsti viðskiptadagur fyrir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 15. maí 2026.



TILLAGA UM STARFSKJARASTEFNA

Stjórn Ísfélags hf. leggur til við aðalfund félagsins að starfskjarastefna verði samþykkt í óbreyttri mynd.



KOSNING ENDURSKOÐENDA FÉLAGSINS

Stjórn Ísfélags hf. að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar félagsins, leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði áfram endurskoðendur félagsins. KPMG ehf. fól Matthíasi Þ. Óskarssyni og Sigurjóni Ö. Arnarsyni ábyrgð á endurskoðun og áritun ársreiknings 2025.



ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN STJÓRNARMANNA OG NEFNDARMANNA Í ENDURSKOÐUNARNEFND

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að stjórnarlaun hækki um 3,5% vegna ársins 2026 og verði sem hér segir:

- Stjórnarformaður fái í stjórnarlaun ISK 535.613 á mánuði og aðrir stjórnarmenn ISK 267.806 á mánuði.

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að þóknunir vegna endurskoðunarnefndar hækki um 3,5% vegna ársins 2026 og verði sem hér segir:

- Formaður endurskoðunarnefndar fái í þóknun ISK 278.519 á mánuði og aðrir nefndarmenn ISK 139.259 á mánuði.



TILNEFNING TVEGGJA UTANAÐKOMANDI AÐILA Í ENDURSKOÐUNARNEFND

Stjórn tilnefnir í endurskoðunarnefnd félagsins sem hér segir:

- Stjórn tilnefnir Lárus Finnbogason sem formann nefndarinnar og Gunnar Svavarsson, sem báðir eru óháðir félaginu.



TILLAGA UM HEIMILD STJÓRNAR TIL KAUPA Á EIGIN BRÉFUM

Aðalfundur Ísfélags hf. haldinn í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 16. apríl 2026 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.



TILLAGA UM HÆKKUN HLUTAFJÁR

- Aðalfundur Ísfélags hf., haldinn 16. apríl 2026, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 81.861.231. Stjórn skal ákveða áskriftargengi nýrra hluta og skal vera heimilt að ráðstafa nýjum hlutum til nýrra hluthafa eða núverandi hluthafa án tillits til eignarhluta þeirra í félaginu á því gengi og með þeim skilyrðum sem stjórnin metur hagfelldust fyrir félagið á hverjum tíma. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samþykpta félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárukningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til fimm ára.



TILLAGA UM BREYTINGU Á SAMÞYKKTUM

Í samræmi við tillögu um hækkun hlutfjár samþykkir aðalfundur félagsins, haldinn 16. apríl 2026, í Vestmannaeyjum, heimild til stjórnar félagsins að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.

Greinargerð með tillögu stjórnar:

Tilgangur tillögunnar um hlutfjárhækkun er til að veita stjórn félagsins sveigjanleika til að fjármagna ytri eða innri vöxt félagsins eða til að ráðstafa sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum. Með því að veita stjórninni þessa heimild og með fráfalli forgangsréttar hlutahafa til áskriftar er tryggt að félagið geti brugðist skjótt við breyttum aðstæðum og fjármagnað verkefni eða fjárfestingar sem kunna að koma upp.

Hljóti tillagan samþykki hluthafafundar skal hún tekin upp í samþykktir félagsins sem nýtt ákvæði sem verður 2.2. svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 81.861.231. Stjórn skal ákveða áskriftargengi nýrra hluta og skal vera heimilt að ráðstafa nýjum hlutum til nýrra hluthafa eða núverandi hluthafa án tillits til eignarhluta þeirra í félaginu á því gengi og með þeim skilyrðum sem stjórnin metur hagfelldust fyrir félagið á hverjum tíma. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að nýjum hlutum sem kunna að verða gefnir út á grundvelli þessarar heimildar. Nýir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu og skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunar. Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum félagsins þegar hún hefur verið nýtt og stjórn félagsins vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum í tengslum við nýtingu hennar.“



ÍSFÉLAG

